

REGLUR

um breytingu á reglum um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 921/2018.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Við c-lið 1. mgr. bætist: Komist prófdómari að þeirri niðurstöðu að í námsmati hafi ekki verið tekið nægilegt tillit til uppbyggingar og markmiða námskeiðs leggur hann fram tillögu/r til úrbóta og ber umsjónarkennara í samvinnu við deildarforseta að taka tillit til þeirra.
- b. 3. mgr. sem verður að 2. mgr., orðast svo: Við munnleg og verkleg próf skal umsjónarkennari velja prófdómara sem er sérfræðingur á viðkomandi fræðasviði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Í stað „30%“ í 2. másl. e-liðar kemur: 20%
- b. Í stað „30%“ í 4. másl. e-liðar kemur: 20%
- c. Við greinina bætist nýr liður, g-liður, sem orðast svo: Nemandi sem kost á að brautskrást við næstu brautskráningu getur, í undantekningartilvikum og með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara frá áætluðum brautskráningardegi, sótt um til deildarforseta að ljúka við námsmat námskeiða af fyrri misserum.

3. gr.

Heiti d-liðar 7. gr. reglnanna verður: Útreikningur á lokaekinnunum.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði Háskólans á Akureyri, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 28. ágúst 2025.

Áslaug Ásgeirsdóttir rektor.

B deild - Útgáfudagur: 16. september 2025